



FLE fréttir

2. febrúar 2024

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda



Fyrsta fréttabréf FLE á árinu 2024 lítur hér dagsins ljós en félagið stefnir að því að gefa fréttabréf út með reglubundum hætti. Þannig verða greinar og fréttir birtar jafnt og þétt á [heimasíðu félagsins](#) og í fréttabréfi til félagsmanna en prentaðri útgáfu árlega FLE blaðsins hefur verið hætt. Í lok árs verður greinasafn ársins gefið út á pdf formi.

Allar hugmyndir frá félagsmönnum um umfjöllunarefni eru vel þegnar. Hægt er að senda þær á fle@fle.is. Hlökkum til að heyra frá ykkur.

Bestu kveðjur

Unnar og Sirrý



Unnar Friðrik Pálsson
Framkvæmdastjóri, upalsson@fle.is



Sigríður Ákadóttir
Rekstrarstjóri, sirry@fle.is

Lagabreytingar sem samþykktar voru á Alþingi 31. janúar og siðareglur

[Breyting á lögum um endurskoðendur og lögum um ársreikninga](#)

Nú í vikunni voru samþykkt á Alþingi breytingar á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur, sektarákvæði og fleira). Það er ekki búið að uppfæra lög in á Alþingisvefnum en frumvarpið, sem varð að lögum, má nálgast [hér](#) og lesa má um feril málsins [hér](#). Lagabreytingunum verða gerð nánari skil í næsta fréttabréfi FLE en meðal þess sem þar er að finna er að gert er skýrara en áður var að það eru alþjóðlegu siðareglur IFAC sem gilda fyrir endurskoðendur en ekki hinar gömlu siðareglur FLE sem gefnar voru út á árinu 2010 og byggðu á þágildandi alþjóðlegum siðareglum. Umfjöllun um siðareglur IFAC og tengingu í þær má finna [hér](#).

Skil á framtölum og ársreikningum

[Bréf um skilafresti](#)

Í gær sendi ríkisskattstjóri félaginu [bréf um skil atvinnumanna](#) á skattframtölum viðskiptamanna 2024 og var bréfið áframsent til félagsmanna.

[Skilafrestir framtala](#)

- Einstaklingar með og án atvinnurekstrar með jöfnum hætti á tímabilinu 1. mars til 15. apríl.
- Stærri lögaðilar með veltu yfir 600 millj. kr. og eignir yfir 300 millj. kr. með jafnri dreifingu frá 1. Febrúar til 31. maí.
- Minni lögaðilar undir framangreindum stærðarmörkum með sem jafnastri dreifingu frá 1. febrúar til 30. september. Hámark skila í júlí og ágúst er 40% og 20% í september.

[Breyting á fyrirkomulagi skilalista til Skattsins](#)

Það er ánægjulegt að segja frá því að breyting var gerð frá fyrri árum hvað varðar skilalista á þann veg að nú þarf ekki að tilgreina fyrir hvaða tilteknu lögaðila ætlunin er að skila skattframtali í hverjum mánuði heldur þarf í skilalistanum eingöngu að veita upplýsingar um þá lögaðila sem eru í viðskiptum við viðkomandi og skilað verður fyrir. Frestur til að skila útfylltum [skilalista](#) er 1. apríl.

[Skil á ársreikningum](#)

Í bréfi Skattsins er vakin athygli á mikilvægi þess að staðin séu skil á ársreikningum til ársreikningaskrár með rafrænum hætti og innan lögboðins skilafrests. Minnt skal á að lögboðinn skilafrestur er **eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings** og samstæðureiknings, ef við á, þó **eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs**, sem er þá **31. ágúst** fyrir félög sem eru með almanaksárið sem reikningsár. Fyrir örfélög sem nýta sér heimild til að skila Hnappsreikningi er lokadagur skila **30. september**. Það þarf hins vegar að gæta að því að ársreikninga félaga með skráð hlutabréf eða skuldabréf skal senda til ársreikningaskrár þegar eftir samþykki þeirra og **eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs**. Sama gildir um ársreikninga félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samkvæmt heimild í 92. gr. [laga um ársreikninga](#).

Drög að sjálfbærnistaðfestingarstaðli (ISSA 5000)

[ISSA 5000](#)

Í ágúst 2023 voru gefin út drög að sjálfbærnistaðfestingarstaðli ISSA 5000. Á heimasíðu FLE má nálgast frétt um það mál ásamt umsögn Norræna endurskoðunarsambandsins (NRF) um staðladrögin.

Grein um sjálfbærniáæta Evrópusambandsins

[ESRS í hnotskurn](#)

Á heimasíðu FLE er að finna áhugaverða grein sem Árne Claessen, endurskoðandi, skrifaði nú í janúar um [sjálfbærniáæta Evrópusambandsins \(ESRS\)](#). Til gaman má geta þess að FESTA var að deila greininni á LinkedIn. Félagsmenn eru hvattir til að deila greinum frá FLE á samfélagsmiðlum.

Viðburðir

[Morgunkorn um gervigreind](#)

Þann 22. febrúar verður haldið morgunkorn um gervigreind og áhrif hennar á endurskoðun.

[Morgunkorn um löggildingarprófin](#)

Þann 21. mars verður árlegt morgunkorn um löggildingarprófin.

Ýmsir fleiri spennandi viðburðir eru í farvatninu og verða auglýstir fljótlega.

[Skattadagur FLE](#)

Skattadagurinn var vel sóttur eins og venjulega, en 206 voru skráðir og af þeim mættu 59 á Grand. Erindin voru fjögur: Snorri Olsen ríkisskattstjóri, Ævar Hrafn og Kristinn, Vala Valtýsdóttir og Guðbjörg Þorsteinsdóttir.

Nýtskrifaðir löggiltir endurskoðendur, sem útskrifuðust í desember 2023, voru boðin velkomin í félagið og fengu þau afhentan blómvönd. Mikil ánægja var með veitingarnar í kaffihléinu. Frekari upplýsingar og glærur má sjá [hér](#).

[Er ekki tími til kominn að tengja?](#)

FLE hélt fyrsta námskeið ársins um tengda aðila og milliverðlagningu. Leiðbeinendur voru þau Unnar, Margrét Ágústa og Berglind Klara. Þátttakan var mjög góð, 117 manns í heildina en einungis 20 voru í salnum á Grand. Þrátt fyrir það voru fjörugar umræður og góð samvinna í verkefnavinnunni hjá Unnari. Sjá nánar [hér](#).

Greinar

[Sjálfbærniáæta Evrópusambandsins í hnotskurn](#)